

Ágrip:

## **Kastaníuskógurinn í Belasitsa fjöllum, Búlgaríu**

Sævar Hreiðarsson og Ólafur Eggertsson

Skógrækt ríkisins er þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni um vistfræði Evrópukastaníu (*Castanea sativa*) í Belasitsa fjöllum í suður Búlgaríu. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði EFTA og unnið í samvinnu við Rannsóknastofnun Skógræktar í Sofíu.

Kastaníuskógurinn í Belasitsa er talinn einn sá best varðveitti á Balkanskaga en heilbrigði skógarins hefur hrakað síðastliðinna áratugi og er það kveikjan að þessu verkefni sem hér er fjallað um. Þáttur Mógilsár í verkefninu er að byggja upp áhringjatímatal fyrir kastaníutrén þannig að meðal annars verði hægt að kanna vaxtarsögu skógarins og hvaða umhverfisþættir eru ráðandi fyrir vöxt og viðgang kastaníu í suður Búlgaríu. Evrópukastanían hefur mikla þýðingu fyrir fjölmörg lönd í mið og suður Evrópu. Hún er fjölnytja trjátegund sem gegnum aldirnar hefur verið ræktuð til viðar og frænytja (kastaníuhnetur). Hún hefur því mikið efnahagslegt gildi, auk þess að vera stór hluti af menningu og landslagi landa við Miðjarðarhafið.

### **Vettvangsvinna og fyrstu niðurstöður**

Vettvangsvinna fór fram í júní 2010 í norðurhlíðum Belasitsa fjallgarðsins í suður Búlgaríu. Kjarnasýnum til áhringjarannsóknar var safnað úr um 150 kastaníutrjám frá mælireitum þar sem kastanían er ríkjandi tegund. Meðalaldur trjáanna í brjósthæð var um 65 ár, en elstu trén yfir 200 ára. Meðalhæð sýnatökutrjáa var 19 m og meðalþvermál í brjósthæð 48 cm.

Fyrstu niðurstöður sýna frekar jafnan vöxt alla síðustu öld fram til um 1975. Þá er eins og hnignun hefjist í vexti þeirra og meðaláhringjabreiddin fer úr 3,5 mm niður í um 2 mm. Eftir um 1990 virðast trén taka við sér aftur. Líklegasta skýringin á hnignuninni í vextinum eftir 1975 er sú að á þessum tíma er talið að asksveppurinn berist inn á svæðið, valdi sýkingu í trjánum og vaxtartapi.

Góð fylgni er milli meðaláhringjabreidda í kastaníutrjánnum og úrkomu í frá maí til júlí.